



ÖLFUS

Jafnlaunastefna Ölfuss

Markmið

Jafnlaunastefnan er unnin í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er órjúfanlegur hluti af starfsmannastefnu og launastefnu Sveitarfélagsins Ölfuss og er henni ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir.

Laun eru í 8. tölulið 2. gr. jafnréttislaga skilgreind sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun bein og óbein hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Kjör eru í 9. tölulið 2. gr. jafnréttislaga skilgreind sem laun ásamt lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindum og hvers konar öðrum starfskjörum eða réttindum sem metin verða til fjár.

Meginmarkmið jafnlaunastefnu Ölfuss er að allar launaákvæðanir skulu vera gegnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar. Í samræmi við kröfur IST 85:2012 hefur sveitarfélagið að markmiði að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem uppfyllir kröfur jafnlaunastaðals ÍST 85:2012 og það verði skjalfest og því viðhaldið.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti,
- Gera innri rýni og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og gildandi kjarasamningum skv. lögum 10/2008 og reglugerð 1030/2017.
- Kynna stefnuna fyrir starfsfólki sveitarfélagsins.
Stefnan skal auk þess vera aðgengileg almenningi á heimasíðu Ölfuss.